



Hafnarfjarðarbær  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Mál nr. 64/2013


Reykjavík, 11. júlí 2013

Meðfylgjandi er afrit kæru, dags. 10. júlí 2013, ásamt fylgigögnum þar sem kærð er höfnun skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 11. júní 2011, er varðar breytingu á Hverfisgötu 23.

Með vísan til 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þess óskað að úrskurðarnefndinni verði send gögn er málið varða innan 30 daga frá dagsetningu bréfs þessa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, og er bæjaryfirvöldum gefinn kostur á að tjá sig um kæruna til sama tíma.

Virðingarfyllst,

(Aspa Stefán Ólafsson)



## MÓTTEKÍÐ

10. JÚLÍ 2013

Úrskurðarnefnd  
umhverfis- og auðlindamála



Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála  
Hjalti Steinþórsson forstöðumaður  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

ADVEL  
leggmetri

Reykjavík, 10. júlí 2013

**Efni: Kæra á höfnun skipulags- og byggingarráðs Hafnafjarðarbæjar, dags. 11. júní 2013, á erindi  
1304300 – Hverfisgata 23 – Breyting**

Undirritaðir kærendor, Stefán Þór Ingimarsson, kt. 201173-3889 og Anna Guðrún Birgisdóttir, kt. 120477-5529, bæði til heimilis og eigendur að Hverfisgötu 23 í Hafnarfirði, leggja hér með fram kæru til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála (ÚUA) vegna höfnunar meirihluta skipulags- og byggingarráðs Hafnafjarðarbæjar dags. 11. júní 2013, á erindi nr. 1304300 – Hverfisgata 23 – Breyting, sbr. fskj. nr. 1 er varðar rif á anddyri og skúr við fasteignina og byggingu nýs anddyris, viðbyggingar aftan við hús og hækkan portveggja, til samræmis við teikningu Páls V. Bjarnasonar arkitekts (fskj. nr. 2).

Undirritaðir kærendor, **kæra fyrnefndu höfnun og krefjast þess að fyrnefndu ákvörðun verði feldd úr gildi.** Enn fremur gera kærendor kröfum að þeim verði veitt leyfi til framkvæmda á Hverfisgötu 23 í Hafnarfirði, í samræmi við erindi sitt nr. 1304300.

Um kærheimild er vísad m.a. skipulagslaga nr. 123/2010, einkum 1. og 5. mgr. 52. gr. laganna, sem og eftir atvikum ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum 26. gr. laganna, sem og ákvæði laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

### Málavextir

Málavextir eru þeir að kærendor festu kaup á umræddri fasteign 25. september 2001. Fasteignin telur í dag 119,7 fermetra, en þar af er geymsla á bak við hús (sem sótt er um leyfi til að rífa) 12,1 fm, auk þess sem ris eignarinnar er alveg undir súð, reiknað 13,4 fm (gólfhlötur 40 fm) og nýtist því takmarkað. Geymslan er byggð árið 1950 og er í slæmu ásigkomulagi og ekki unnt að nýta hana til annars en að geyma dekk og garðverkfæri. Í ljósi þess að kærendor eiga í dag tvö ung börn og vildu nýta umrædda fasteign betur, var leitað til Páls V. Bjarnasonar arkitekts um teikningu á breytingum fyrir fasteignina. Undir risi er eitt svefnloft og hafa kærendor haft svefnherbergi sitt þar í öðrum enda, en börn þeirra sofið í hinum. Fyrirkomulag þetta dugir ekki lengur og hefur svefnaðstaða verið færð á neðstu hæð fasteignarinnar, sem er ekki ásættanlegt fyrirkomulag og gert til bráðabirgða. Afnot af geymslu eru svo til engin og í ljósi þess að eldhús eignarinnar í dag er lítið, er ætlunin að færa það á þann stað sem geymslan stendur í dag, með nýrri viðbyggingu. Á efri hæð viðbyggingar yrði nýtt svefnherbergi.

Í ljósi eignarhalds á eigninni í tæp 12 ár, þeirrar staðreyndar að börn kærenda eru í hverfisskóla og leikskóla, sem og umhyggju fyrir umræddri fasteign og nærliggjandi umhverfis var leitað til fyrرنefnds arkitekts um breytingar. Páll V. Bjarnason er einn helsti sérfræðingur landsins í breytingum á gömlum fasteignum og fráfarandi formaður Húsafríðunarnefndar. Í samráði við hann voru unnar tillögur að breytingum, sbr. fskj. nr. 2. Fyrirmynnd þeirra er fasteign sem stendur í beinni línu frá fasteign kærenda, en það er eign að Smyrlahrauni 5, sem er um margt alveg sambærileg fasteign og hér um ræðir, nema hvað jarðhæð er niðurgraflinn baka til undir henni. Meðfylgjandi eru myndir fyrir og eftir þá breytingu, sbr. fskj. nr. 3, sem framkvæmd var árið 2006. Markmið breytinga var að fára fasteign kærenda til samræmis við þær fasteignir sem standa næst henni við Hverfisgötu, útbúa svefnherbergi öll á efstu hæð eignarinnar og byggja viðbyggingu yfir illa farna geymslu á bak við hús, svo umræddir fermetrar nýttust eigendum. Við gerð teikninganna var haft að markmiðið að halda í hefðbundið útlit eigna af þessum toga og bæta hana á sama tíma. Var m.a. aflað staðfestingar frá Minjastofnun Íslands (áður Húsafríðunarnefndar), sem taldi breytingarnar „virða stærðarhlutföll hússins“ og útfærsla þeirra „í góðu samræmi við upprunalegan byggingarstíl þess“ sbr fskj. nr.9.

Umræddar teikningar voru lagðar fyrir skipulags- og byggingasvið Hafnarfjarðarbæjar, dags. 17. apríl 2013.

Erindi kærenda var tekið fyrir á fundum skipulags- og byggingaráðs dags. 30. apríl, 14. maí, 28. maí og loks hafnað á fundi ráðsins dags. 11. júní 2013. Þess ber að geta að Páli V. Bjarnasyni arkitekt var boðið að mæta á fund ráðsins 28. maí 2013 og útskýra tillöguna, sem hann og gerði, en kærendum var synjað um viðveru á fundinum sbr. fskj. nr. 4. Forsendur meirihluta ráðsins (sem samanstoð af fulltrúum Samfylkingar og Vinstri Grænna) fyrir höfnun voru,

- Stækkun er vel umfram almenn viðmið og markmið við breytingar á eldri húsum í Hafnarfirði, sbr. i. stefnumótun um húsvernd frá 2002, ii. deiliskipulagsskilmála fyrir Suðurbæinn, Miðbær-Hraun (2011, skilmálar fyrir eldri byggð), iii. Hverfisgata- Austurgata milli Mjósunds og Gunnarssunds (2011) og iv. Suðurgata-Hamarsbraut (2011) oft.
- Tillagan felur í sér talsverða útlitsbreytingu sem hefur áhrif á götumynd, m.a. í hækkun húss um 90 sm og gerð kvists við götu.
- Útfæra mætti stækkun húss bakatil í lóðina til samræmis við það sem gert hefur verið víða við Hverfisgötu, sé þess gætt að hlutföll og götumynd breytist ekki nema að óverulega leyti.
- Hlutfall stækkunar verður einnig að vera í samræmi við meginmarkmið sem fram koma í stefnumótun um húsverndun frá 2002.

Fulltrúar í minnihluta ráðsins (fulltrúar Sjálfstæðisfloks) vildu hins vegar samþykka erindið og voru forsendur þeirra,

- Fyrirhugaðar breytingar væru í góðu samræmi við nærliggjandi byggð og félur vel inn í götumyndina.
- Páll V. Bjarnason arkitekt, sem vann teikningarnar, væri einn helsti sérfræðingur landsins á þessu svíði og nýtur virðingar.
- Minjastofnun Íslands hefur úrskurðað að upprunalega húsgarð mun halda sér og gerir ekki athugasemdir.

- Fagaðilar hafa veitt jákvæða umsögn um breytingar.
- Breytingar bæta lífsgæði íbúa.
- Synjun meirihluta byggi á huglægu mati og fari ekki eftir ráðum sérfróðra aðila.

Rétt er að vekja athygli á því að fasteign kærenda við Hverfisgötu 23, stendur á svæði í miðbæ Hafnarfjarðar þar sem ekki er til að dreifa deiliskipulagi og taka fyrnrefndir deiliskipulagsskilmálar því ekki til eignarinnar.

Aukinheldur hafa á síðustu árum varið samþykktar breytingar á fasteignum í allra næsta nágrenni við eign kærenda, nánar tiltekið árið 2004 (Hverfisgata 21b), 2006 (Smyrlahraun 5) og 2006/2007 (Smyrlahraun 1, sem fól í sér byggingu á nýrri eign frá grunni). Umræddar eignir standa frá 20 til 55 metra frá eign kærenda og eru breytingarnar ýmist sambærilegar eða mun umfangsmeyri en kærendur óskuðu eftir. Þessu til viðbótar má nefna samþykki fyrir umfangsmikilli staðkun að Álfaskeiði 18 (2006) sem stendur í 80 metra fjarlægð.

Þess ber einnig að geta að á fundi ráðsins dags. 28. maí 2013, er með erindi nr. 1305167, hafinn undirbúningur að gerð deiliskipulags sem afmarkast af Austurgötu, Reykjavíkurvegi og Álfaskeiði. Deiliskipulag sem nefnist „Hverfisgata-Mjósund-Austurgata-Gunnarssund“ yrði hluti þess deiliskipulags. Rétt er að áréttu að sá hluti Hverfisgötu þar sem fasteign kærenda stendur, er ekki á deiliskipulögðu svæði, það á ekki undir fyrnrefnt skipulag „Hverfisgata-Mjósund-Austurgata-Gunnarssund“, en yrði væntanlega hluti af deiliskipulagi sem stefnt er að því að gera sbr. erindi nr. 1305167. Erindi kærenda var hins vegar lagt fram rúnum mánuði fyrr eða 17. apríl 2013.

Jafnframt ber að nefna að á fundi ráðsins 11. júní 2013, með erindi nr. 1006284, (sbr. fskj. nr. 1) samþykkti skipulags- og byggingaráð að kynna stefnumörkun varðandi húsafríðun á opnum fundi í september byrjun 2013 og kynnti drög að húsverndunarstefnu og útfærslu húsverndunar í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Drögin skv. efni sínu snúa að stefnumótum um einstök hús og hverfi.

Loks má geta þess með erindi nr. 1304135, á fundi ráðsins dags. 16. apríl 2013, (sbr. fskj. nr. 5) var tekið jákvætt í fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi vegna Austurgötu 22. Á fundi ráðsins dags. 28. maí 2013, er erindi frá sama aðila, Costa Invest, nú nr. 1305185, tekið til afgreiðslu um breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurgötu 22 og Strandgötu 19. Umrædd breyting felur í sér heimild til að reisa við Austurgötu 22, á lóð beint fyrir neðan Fríkirkjuna í Hafnarfirði og við hlið safnaðarheimillí þess, nýbyggingu fjölbýlis, tveimur byggingum á þremur hæðum, hvor með 3 íbúðum eða samtals 6 íbúðum. Hæð bygginganna nemur 10,4 metrum og er hámarksþyggingsflötur hvorar byggingar um sig 90 til 105 fm (sbr. fskj. nr. 6). Mætti því ætla að um 540 til 630 heildafermetra verði að ræða hvað bygginguna varðar, sem mun standa 75 metra, í beinni línu frá fasteign kærenda.

#### Málsástæður og lagarök.

Undirrituð krefjast þess að ákvörðun skipulags- og byggingaráðs dags. 11. júní 2013, um höfnun á erindi nr. 1304300 – Hverfisgata 23 – Breyting, verði felld úr gildi og þeim verði veitt leyfi til breytinga í samræmi við nefnt erindi, enda telja undirritaðir kærendur ákvörðun ráðsins ólögmæta, allttént að hún styðjist við ómálefnaleg rök og huglæg sjónarmið meirihluta nefndarmanna. Hrein tilviljun virðist ráða niðurstöðu ráðsins vegna fyrnrefndis erindis, sérstaklega þegar horft er til þess að öllum eignum í næsta nágrenni við fasteign kærenda hefur verið breytt og þær eru allar portbyggðar utan einnar.<sup>1</sup> Á

<sup>1</sup> Hverfisgata 16, 19, 21b, 23b og 25, auk Smyrlahrauns 1. Hverfisgata 23b er ekki portbyggð

sama tíma og erindi kærenda er hafnað, samþykkir ráðið að auglýsa tillögu að breyttu skipulagi, vegna nýbyggingar 6 ibúða fjölbýli við Austurgötu 22 sem er í 75 m fjarlægð frá kærendum.

#### Jafnraðisregla stjórnsýsluréttar

Fyrir liggur að ekki er í gildi deiliskipulag á því svæði þar sem fasteign kærenda stendur. Eigi að síður er gerð tilraun af hálfu skipulags- og byggingaráðs til þess að teygja skilmála annarra deiliskipulaga innan sveitarfélagsins yfir umrætt svæði. Slíkt fær ekki staðist, heldur verður í þeim tilvikum að haga breytingum til samræmis við þær eignir sem standa í nágrenninu. Kærendur leituðu til Páls V. Bjarnasonar arkitekts í ljósi sérþekkingar hans, sem m.a. stafar af því að Páll hefur teiknað breytingar á fjölda fasteigna í nágrenninu, m.a. að Smyrlahrauni 5. Var þetta gert til að tryggja samræmi eignarinnar við umhverfi sitt og næsta nágrenni. Við meðferð erindisins lögðu kærendur m.a. fram teikningar af götumynd Hverfisgötu í nágrenni fasteignar sinnar (sbr. fskj. nr. 7), sem og stærðartölur, til að sýna fram að umræddar breytingar eru í góðu samræmi við umhverfið (sbr. fskj. nr. 8). Meðalstærð fasteigna sem skoðaðar voru var 207,3 fm og meðalhæð mænis 8,7m, en umræddar stærðir að Hverfisgötu 23 myndu nema 201,4 fm stærð og hæð mænis 8,8m. Þess ber að geta að allar eignir sem eiga lóðarmörk eða standa handan götu á móts við fasteign kærenda, hefur verið breytt og öll húsin (utan eins) eru með portbyggða veggi og hækkuð þök. Síðustu breytingar af þeim toga voru gerðar árið 2007 (Smyrlahraun 1) og 2004 (Hverfisgata 21b). Nefna má einnig að samskonar breyting var gerð á Smyrlahrauni 5 árið 2006, en lóðir fasteignanna liggja ekki saman, þrátt fyrir að þar séu aðeins 55 metrar á milli. Máttu kærendur af fyrnefndum sökum vænta þess að erindi þeirra yrði afgreitt með sambærilegum hætti, en framhjá þessum sjónarmiðum er alfarið horft við afgreiðslu meirihluta ráðsins á erindinu með þeim afleiðingum að ákvörðun ráðsins er í ósamræmi við 11. gr. stjórnsýslulaga.

Sjónarmið meirihluta skipulags- og byggingaráðs, verður að telja ómólefnaleg og má í því samhengi vísa beint til orða fulltrúa minnihlutans í ráðinu. Fyrir nefndina mættu ýmist sérfræðingar á svíði breytinga gamalla húsa eða staðfestingar þeirra fyrir fyrirhuguðum breytingum voru lagðar fram. Meirihluti ráðsins tók hins vegar lítið sem ekkert mið af þeim, taldi aðeins mögulega staekkun bakatil á lóð kærenda koma til greina, án röskunar framhliðar, sem fæli í sér lítinn möguleika á úrbótum. Hefði nefndin byggt á fyrirliggjandi mati, ráðleggingum nefndra fagaðila og jafnraðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga, svo sem kærendur hefðu mátt vænta og heimilað breytingar í takt við umhverfi, hefði það augljóslega verið til þess fallið að ná fram markmiði því sem skipulagslög og aðrar réttarheimildir á því svíði stefna að. Það er hins vegar ekki um það að ræða, heldur virðast geðþótti og tilviljun ráða niðurstöðu ráðsins, enda er á sama tíma samþykkt að kynna drög að breytingu á deiliskipulagi vegna Austurgötu 22. Verður af þeim sökum verður að telja ákvörðun ráðsins ólögmæta.

#### Meðalhófsregla stjórnsýsluréttarins

Ákvörðun skipulags- og byggingaráðs er íþyngjandi fyrir kærendur, hún kemur í veg fyrir að þau geti nýtt eign sína eins og þörf er á og að óbreyttu verður ákvörðunin til þess að þau verða að selja og flytja. Ákvarðanatoku sína byggir ráðið hins vegar ekki á tilhlýðilegum stoðum eða réttarheimildum heldur vísar ráðið til stefnumótunar frá árinu 2002, sem hvorki hefur lagastoð, né verið farið eftir þegar kemur að nokkrum fjölda elgna í næsta nágrenni við fasteign kærenda. Enn fremur byggir ákvörðun ráðsins á því að teygja skilmála deiliskipulags annarra svæða, en þar sem fasteign kærenda stendur, yfir erindið og hafna beiðni á þeim forsendum.

Ennfremur er á fundi 28. maí 2013, rúmum mánuði eftir að umsókn kærenda er lögð fram, samþykkt að fara í endurskoðun á deiliskipulagi og skipuleggja það svæði þar sem fasteign kærenda stendur. Verður þar með að telja að ráðið ætti sér að beita íþyngjandi ákvörðun, án tilskilinna lagastoða og síðan að fára inn skilmála fyrir það svæði miðbæjar Hafnarfjarðar, þar sem kærendur sækja um leyfi til framkvæmda. Þetta undirstrikar skort lagaheimildar fyrir ákvörðanatökunni og mætti segja þetta vera tilraun til þess að veita hana með afturvirkum hætti. Í það minnsta er þetta tilraun til þess að fyrirbyggja að kærendur geti fengið aðrar breytingartillögur eða nýjar málamiðlanir sínar samþykktar.

Skipulags- og byggingaráði ber að gæta hófs við ákvörðanatökum sem þessa, þar sem ekki er til að dreifa deiliskipulagi og um íþyngjandi ákvörðun að ræða. Ráðinu bar því að velja það úrræði sem vægast er. Ákvörðun ráðsins gengur hins vegar eins langt og hugsast getur, þar sem erindinu er synjað, auk þess sem ákvörðunin nær engan veginn því markmiði sem að er stefnt. Það gildir ekki deiliskipulag á svæðinu og ekkert í nefndri ákvörðun gat komið í veg fyrir að aðrar sambærilegar beiðnir kæmu fram og fengju mögulega framgöngu. Skipulags- og byggingaryfirvöldum hefði borið að vera búin að útbúa deiliskipulag á umræddu svæði og birta auglýsingu með þeim skilyrðum sem gilda eiga.

Hér verður einnig að horfa til þess að kærendur höfðu hófsemi og samræmi við umhverfið að leiðarljósí í öllum tillögum sinum. Ein af ástæðum skipulags- og byggingaráðs fyrir höfnun erindis er að stækku sé vel umfram almenn viðmið og markmið við breytingar á eldri húsum í Hafnarfirði. Prátt fyrir þetta liggr fyrir afstaða Minjastofnunar Íslands sem telur breytingarnar virða stærðarhlutföll (sbr. fskj. nr. 9). Auk þess ber að horfa til þess að breytingarnar fara að óverulegu leytí út fyrir útveggi númerandi byggingar. Anddyri er breikkað um sem nemur 1,20 metrum og gólfleitum geymslunnar á bak við eignina er sömuleiðs breikkaður með sama hætti. Breytingin felst að öðru leytí að stærstum hluta í því að við hækkan þaks reiknast fleiri fermetrar á gólfleiti efstu hæðar, auk þess sem efri hæð viðbyggingarinnar verður ný. Tillögurnar fela því ekki í sér að númerandi eign verði kollvarpað, enda staðfestar af Minjastofnun Íslands, svo sem fyrir segir.

Verður að telja fyrnefnda málsméðferð ólögmæta, brjóta gegn lögmætisreglu stjórnsýsluréttar og vera í ósamræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti.

#### **Andmælaréttur – Upplýsingaréttur**

Við afgreiðslu erindisins var Páll V. Bjarnason arkitekt boðaður til að kynna tillögur að breytingum fyrir skipulags- og byggingaráði á fundi þess 28. maí 2013. Annar kærenda óskaði eftir því að fá einnig að vera viðstaddir umrædda kynningu, en var synjað með tölvupósti svíðsstjóra skipulags- og byggingafulltrúa Hafnarfjarðar, sbr. fskj. nr. 4. Telja kærendur þar með brotið á andmælarétti þeirra, en eðilegt hefði verið í ljósi þess að arkitekt þeirra var boðaður, að veita þeim einnig möguleika á að tjá sig um efni erindisins, áður en ákvörðunin var tekin. Hér er um íþyngjandi ákvörðun að ræða sem varðar nýtingu á fasteign er lýtur eignarrétti kærenda, sem og bæði fjárhagslega og persónulega hagsmuni þeirra. Kærendur, sem aðllum mál einsins, hefði borið að fá að vera viðstaddir fundinn og því um verulegan annmarka að ræða og önnur ástæða þess að telja beri ákvörðunina ógilda. Ennfremur var starfsmönnum skipulags- og byggingarsviðs bæjarins falið að safna saman upplýsingum um stækku nærliggjandi húsa miðað við upphaflega stærð, en kærendum aldrei afhent afrít þeirrar samantektar.

Undirritaðir kærendur eru eigendur að fasteigninni að Hverfisgötu 23 í Hafnarfirði og aðilar að erindi nr. 1304300 og fullnægja þannig skilyrðum um að hafa lögmæta hagsmuni af úrlausn málsins.

Að öllu framansögðu virtu telja kærendur ákvörðun meirihluta skipulags- og byggingaráðs á erindi nr. 1304300 – Hverfisgata 23 – Breyting, bæði ógilda og ólögmæta. Jafnframt óska kærendur þess að kveðinn verði upp úrskurður, þar sem samþykki verð veitt fyrir breytingum á Hverfisgötu 23 í Hafnarfirði, í samræmi við nefnt erindi.

Vinsamlega hafið samband við undirrituð óski nefndin eftir frekari gögnum eða skýringum vegna málsins, enda gera undirrituð fullan fyrirvara um að fá koma að öllum frekari gögnum, upplýsingum, kröfum, lýsingu á málavöxtum, sem og frekari málsástæðum, við meðferð og afgreiðslu þess.

Virðingarfyllst,

*Anna G. Birgisa*

Anna Guðrún Birgisdóttir

*SIP*

Stefán Þór Ingimarsson

**Meðfylgjandi gögn:**

1. Fundargerð skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 11. júní 2013
2. Teikningar Páls V. Bjarnasonar arkitekts, dags. 22. mars 2013
3. Myndir af Smyrlahrauni 5, fyrir og eftir breytingu
4. Tölvupóstur Dr. Bjarka Jóhannessonar, dags. 16. maí 2013
5. Fundargerð skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 16. apríl 2013
6. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurgötu 22 og Strandgötu 19, sbr. erindi nr. 1305185, tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 28. maí 2013
7. Teikningar Páls V. Bjarnasonar af af götumynd Hverfisgötu í nágrenni fasteignar kærenda, ódags.
8. Stærðartafla Páls V. Bjarnasonar, vegna fasteigna í nágrenni við fasteign kæranda, ódags.
9. Staðfesting Minjastofnunar Íslands, vegna Hverfisgötu 23, Hafnarfirði, dags. 29. maí 2013



## Fundargerðir

Til baka

Prenta

### Skipulags- og byggingarráð - 324

Haldinn í fundarherbergi Norðurhellu 2,  
11.6.2013 og hófst hann kl. 08:15

**Fundinn sátu:** Sigríður Björk Jónsdóttir, Guðfinna  
Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Ólafur Ingí  
Tómasson og Klara Hallgrímsdóttir

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Helgi Árnason

Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Bjarki Jóhannesson  
sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, auk Berglind  
Guðmundsdóttir og Þormóður Sveinsson undir þeim málum sem  
þau varðaði.

#### Dagskrá:

Almenn erindi

#### 1. SB040377 - Fundargerðir skipulags- og byggingarfulltrúa

Lagðar fram fundargerðir frá afgreiðslufundum skipulags- og  
byggingarfulltrúa dags. 29.05.13 og 05.06.13. A-löur afgreiddur af  
byggingarfulltrúa samkvæmt mannvirkjalögum nr.160/2010.

#### Niðurstaða fundar:

Lagt fram.

#### 2. 1305345 - Unnarstígur 3, byggingarleyfi

Ketill Árni Ketilsson og Harpa Una Hrafnssdóttir sækja 27.05.2013 um  
stækkan og breytingar á húsinu skv. teikningum Árna Þórs Helgasonar  
dags. 27.05.2013. Erindið var til umfjöllunar á afgreiðslufundi skipulags-  
og byggingarfulltrúa 29.05.2013, sem vísaði því til skipulags- og  
byggingarráðs.

#### Niðurstaða fundar:

Skipulags- og byggingarráð telur að skoða þurfi betur útfærslu  
og hlutföll á stækkan húss. Jafnframt þarf að skoða efnisnotkun í  
nýframkvæmd og nánasta umhverfi.

Fylgiskjöl:

- Umsókn um byggingarleyfi

**3. 1305337 - Strandgata 39, fyrirspurn**

Ásgrímur Skarphéðinsson, Dröfn Hreiðarsdóttir og Páll Eyjólfsson leggja fram fyrirspurn um að reisa kvisti á risheð Strandgötu 39 ska. meðfylgjandi gögnum. Erindið var til umfjöllunar á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 29.05.2013, sem vísadí því til skipulags- og byggingarrúðs.

**Niðurstaða fundar:**

Skipulags- og byggingarráð telur fyrirspurnina óskýra og því erfitt að taka afstöðu. Er óskað eftir frekari upplýsingum og betri útlistun.

Fylgiskjöl:

- Fyrirspurn

**4. 1006284 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar heildarendurskoðun.**

Kynnt drög að húsverndunarstefnu og úrfærslu húsverndunar í aðalskipulaginu.

**Niðurstaða fundar:**

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að kynna tillögu að grunnstefnumörkun varðandi húsverndun á opnum íbúafundi í byrjun september og felur sviðsstjóra að undirbúa íbúafundinn í samvinnu við formann og fulltrúa starfshópsins.

Fylgiskjöl:

- Drög ad stefnumotun

**5. 1304300 - Hverfisgata 23,breyting**

Stefán Ingimarsson sækir 17.04.13 um að rífa anddyri og skúr aftan við húsið. Byggja nýtt anddyri við byggingu aftan við hús og hækka portveggi og ris. Samkvæmt teikningum Þáls V. Bjarnasonar dag.22.03.13. Frestað á síðasta fundi. Afgreiðslu frestað á síðasta fundi.

**Niðurstaða fundar:**

Meirihluti skipulags og byggingarráðs, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri Grænna, hafna erindinu eins og það liggar fyrir þar sem stækkun er vel umfram þau almennu viðmið og markmið sem sett eru um stækkun og breytingar á húsum í eldri byggð í Hafnarfirði og er þá m.a. vísad í stefnumótun um húsvernd frá

2002 og deiliskipulagsskilmála fyrir Suðurbæinn, Miðbær- Hraun (2011, skilmálar fyrir eldri byggð), Hverfisgata- Austurgata milli Mjósunds og Gunnarssunds (2011) Suðurgata- Hamarsbraut (2011) ofl. Þá felur tillagan í sér talsverða útlitsbreytingu sem hefur áhrif á götumynd, sem felst m.a. í hækkan húss um 90 cm og gerð kvists við götu. Hins vegar má útfæra stækkun húss baka til í löðina í samræmi við það sem gert hefur verið víða í húsum sem standa við Hverfisgötu, sé þess gætt að hlutföll og götumynd breytist ekki nema að óverulegu leyti og að hlutfall stækkunar sé í samræmi við meginmarkmið þau sem fram koma í stefnumótun um húsverndun frá 2002, en Hverfisgata 23 á því svæði sem í skýrslunni er tekið fram að njóta skyldi mestar verndar í skipulagi bæjarins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkks telja fyrirhugaðar breytingar á Hverfisgötu 23 vera í góðu samræmi við nærliggjandi byggð og falla vel inn í götumyndina. Páll V. Bjarnason, arkitekt, hönnuður breytinganna er einn helsti sérfræðingur landsins í endurgerð gamalla húsa og nýtur virðingar sem slíkur. Minjastofnun Íslands (áður Húsafríðunarnefnd) hefur úrskurðað að við fyrirhugaðar breytingar á Hverfisgötu 23 mun upprunaleg húsgerð halda sér og gerir ekki athugasemdir. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins styðja fyrirhugaðar breytingar þar sem þær hafa fengið jákvæða umsögn frá fagaðilum og eru til þess fallnar að auka lífsgæði íbúa. Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins telja að synjun meirihlutans á umsókn eiganda að Hverfisgötu 23 um breytingar séu byggðar á huglægu mati og ekki sé farið eftir ráðum sérfróðra aðila.

#### Fylgiskjöl:

- **Hverfisgata 23, viðbygging og hækkan þaks**
- **Grunnm.snid\_efrir\_breyt..pdf**
- **ÚTlit\_efrir\_breyt..pdf**
- **Fyrir\_breytingu**
- **Hverfisgata\_gotumynd\_sa.jpg**
- **Hverfisgata\_gotumynd\_NV.jpg**

#### **6. 1304508 - Sólvangssvæði norður, fyrirspurn**

*Höfn-öldrunarmiðstöð leggur 26.04.13 inn fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi á Sólvangssvæði norður.*

#### **Niðurstaða fundar:**



## HAFNARFJÖRÐUR

Stefán Þór Ingimarsson

Hverfisgata 23  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 19. júní 2013  
1304300 GVA

Efni: Hverfisgata 23, breyting

Á fundi skipulags og byggingarráðs 11. júní s.l., var eftirfarandi erindi:

Stefán Ingimarsson sækir 17.04.13 um að rífa anddyri og skúr aftan við húsið. Byggja nýtt anddyri við byggingu aftan við hús og hækka portveggi og ris. Samkvæmt teikningum Páls V. Bjarnasonar dag. 22.03.13. Frestað á síðasta fundi. Afgreiðslu frestað á síðasta fundi.

Meirihluti skipulags og byggingarráðs, fulltrúar Samfylkingar og Vinstri Grænna, hafna erindinu eins og það liggur fyrir þar sem stækkan er vel umfram þau almennu viðmið og markmið sem sett eru um stækkan og breytingar á húsum í eldri byggð í Hafnarfirði og er þá m.a. vísað í stefnumótun um húsvernd frá 2002 og deiliskipulagsskilmála fyrir Suðurbæinn, Miðbær- Hraun (2011, skilmálar fyrir eldri byggð), Hverfisgata-Austurgata milli Mjósunds og Gunnarssunds (2011) Suðurgata- Hamarsbraut (2011) ofl. Þá felur tillagan í sér talsverða útlitsbreytingu sem hefur áhrif á götumynd, sem felst m.a. í hækkan húss um 90 cm og gerð kvists við götu. Hins vegar má útfæra stækkan húss baka til í löðina í samræmi við það sem gert hefur verið viða í húsum sem standa við Hverfisgötu, sé þess gætt að hlutföll og götumynd breytist ekki nema að óverulegu leyti og að hlutfall stækkanar sé í samræmi við meginmarkmið þau sem fram koma í stefnumótun um húsverndun frá 2002, en Hverfisgata 23 á því svæði sem í skýrslunni er tekið fram að njóta skyldi mestar verndar í skipulagi bæjarins.

Fulltrúar Sjálfstæðisfloks telja fyrirhugaðar breytingar á Hverfisgötu 23 vera í góðu samræmi við nærliggjandi byggð og falla vel inn í götumyndina. Páll V. Bjarnason, arkitekt, hönnuður breytinganna er einn helsti sérfræðingur landsins í endurgerð gamalla húsa og nýtur virðingar sem slikur. Minjastofnun Íslands (áður Húsafríðunarnefnd) hefur úrskurðað að við fyrirhugaðar breytingar á Hverfisgötu 23 mun upprunaleg húsgerð halda sér og gerir ekki athugasemdir. Fulltrúar Sjálfstæðisfloksins styðja fyrirhugaðar breytingar þar sem þær hafa fengið jákvæða umsögn frá fagaðilum og eru til þess fallnar að auka lífsgæði íbúa. Fulltrúar Sjálfstæðisfloksins telja að synjun meirihlutans á umsókn eiganda að Hverfisgötu 23 um breytingar séu byggðar á huglægu mati og ekki sé farið eftir ráðum sérfróðra aðila.

Virðingarfyllst,





Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði





F.h. Brynjar Rafn Ólafsson

Brynjar Rafn

Brynjar Rafn Ólafsson

## Fylgiskjal nr. 2.





Hverfisgata 23, Hafnarfjörður

Übersicht

卷之三

卷之三

THE JOURNAL OF CLIMATE

卷之三

THE JOURNAL OF CLIMATE

卷之三

PÄHL & WERNER ARCHITEKTE


HÖHNER - REED-OPERA - ENDURANCE-SHOES


KUORGASCI LAUPÄÄVAD SIIP  
101 REVKUAVÉ  
[www.dashit.ee](http://www.dashit.ee)

卷之三



Fylgiskjal nr. 3





## Fylgiskjal nr. 4

**Stefán Þór Ingimarsson**

**From:** Bjarki Jóhannesson <bjarki@hafnarfjordur.is>  
**Sent:** 16. maí 2013 15:43  
**To:** Stefán Þór Ingimarsson; 'Páll V. Bjarnason'  
**Cc:** Sigríður Björk Jónsdóttir  
**Subject:** RE: Hverfisgata 23

Sæll Stefán

Eigendur eru aldrei boðaðir á fund Skipulags- og byggingarráðs, aðeins hönnuðir, og það aðeins í undantekningartilvikum.

Kveðja,

---

**Dr. Bjarki Jóhannesson**  
**Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi**  
**Hafnarfjarðar**

---

**From:** Stefán Þór Ingimarsson [mailto:[stefan@advel.is](mailto:stefan@advel.is)]  
**Sent:** 15. maí 2013 17:22  
**To:** Bjarki Jóhannesson; 'Páll V. Bjarnason'  
**Cc:** Sigríður Björk Jónsdóttir  
**Subject:** RE: Hverfisgata 23

Sæll Bjarki.

Ég hefði áhuga á því að fá að vera viðstaddir fundinn þegar umsókn míni er til meðferðar og kynning á sér stað. Það væri vel þegið ef þú gætir sent mér endalega tímasetningu fyrir fyrirtöku málsins og upplýsingar um fundarstað.

Með kveðju,

**Stefán Þór Ingimarsson LL.M, hdl.**  
Partner



Netfang [stefan@advel.is](mailto:stefan@advel.is)  
Sudurlandsbraut 18 • 108 Reykjavík • Iceland  
Sími (+354) 520 2050 • Fax (+354) 552 2050  
[www.advel.is](http://www.advel.is)  
[Abyruð varðandi tölvupóst](#)

---

**From:** Bjarki Jóhannesson [mailto:[bjarki@hafnarfjordur.is](mailto:bjarki@hafnarfjordur.is)]  
**Sent:** 15. maí 2013 15:42  
**To:** 'Páll V. Bjarnason'; Stefán Þór Ingimarsson  
**Cc:** Sigríður Björk Jónsdóttir  
**Subject:** RE: Hverfisgata 23

Sæll

Fundardagskrá er ekki tilbúin, en það getur verið að eigin vali t.d. kl. 9 eða 10.  
Kveðja,

---

**Dr. Bjarki Jóhannesson**

**Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarfjarðar**

---

**From:** Páll V. Bjarnason [<mailto:pall@p-ark.is>]  
**Sent:** 15. maí 2013 15:07  
**To:** Bjarki Jóhannesson; Stefán Þór Ingimarsson'  
**Cc:** Sigríður Björk Jónsdóttir  
**Subject:** RE: Hverfisgata 23

Sæll Bjarki,  
Ég get mætt þann 28. maí, en hver er fundartíminn?  
Kveðja,  
Páll



Páll V. Bjarnason Arkitekt  
P ark teiknistofa  
kjörgarði, laugavegi 59  
101 Reykjavík

s: 821 9880  
e-mail: [pall@p-ark.is](mailto:pall@p-ark.is)

Þessi tölvupóstur og/eða skjöl sem send eru sem viðhengi er trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stflaður á. Misnotkun getur varðað refsingu og/eða bótaábyrgð. Viðtakanda ber sakvæmt glidandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafu tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum og skal í síklum tilfellum eyða póstinum og viðhengjum hans.

---

**From:** Bjarki Jóhannesson [<mailto:bjarki@hafnarfjordur.is>]  
**Sent:** 15. maí 2013 15:03  
**To:** 'pall@p-ark.is'  
**Cc:** Sigríður Björk Jónsdóttir  
**Subject:** Hverfisgata 23

Sæll Páll  
Erindið varðandi Hverfisgötu 23 var tekið fyrir á fundi skipulags- og byggingarráðs í gær. Afgreiðslan var þannig:  
**1304300 - Hverfisgata 23,breyting**

Stefán Ingimarsson sækir 17.04.13 um að rífa anddyri og skúr aftan við húsið. Byggja nýtt anddyri við byggingu aftan við hús og hækka portveggi og ris. Samkvæmt teikningum Páls V. Bjarnasonar dag.22.03.13. Frestað á síðasta fundi.

Á hluta Hverfisgötu er skilgreind hverfisvernd í dæiliskipulagi og telur ráðið að fara burfi varlega í breytinga á húsum sem liggja að götu einnig é þeim svæðum sem ekki eru þegar hluti af dæiliskipulögðum svæði. Af þeim sökum er óskar að eftir frekari kynningu á tillögnumi á næsta fundi. Jafnframt er starfsmönnum Skipulags - og byggingarsviðs fallið að taka saman upplýsingar um stækkan nærliggjandi húsa miðað við upphaflega stærð.

Gætir þú komið á fund ráðsins þriðjudaginn 28. Maí og kynnt erindið?  
Kveðja,

**Dr. Bjarki Jóhannesson**  
**Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi**  
**Hafnarfjarðar**

FYRIRVARI / DISCLAIMER  
FYRIRVARI / DISCLAIMER  
FYRIRVARI / DISCLAIMER

7/10/13

Fundargerðir | Stjórnýsla | Hafnarfjarðarbær

Fylgiskjal nr. 5



## Fundargerðir

Til baka

Prenta

### Skipulags- og byggingarráð - 320

Haldinn í fundarherbergi Norðurhellu 2,  
16.4.2013 og hófst hann kl. 08:15

**Fundinn sátu:** Sigríður Björk Jónsdóttir, Guðfinna  
Guðmundsdóttir, Sigurbergur Árnason, Jóhanna Fríða  
Dalkvist og Axel Guðmundsson

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Helgi Árnason

#### Dagskrá:

Almenn erindi

#### 1. SB040377 - Fundargerðir skipulags- og byggingarfulltrúa

Lögð fram fundargerð frá afgreiðslufundum skipulags- og  
byggingarfulltrúa dags. 10.04.13. A-liður afgreiddur af byggingarfulltrúa  
samkvæmt mannvirkjalaögum nr.160/2010.

#### Niðurstaða fundar:

Lagt fram.

#### 2. 1304135 - Austurgata 22/Strandgata 19 fyrirspurn

Costa Invest ehf leggur inn 09.04.13 fyrirspurn um breytt löðamörk og  
byggingar á ló Strangötu 19 og Austurgötu 22, sjá meðfylgjandi gögn.



#### Niðurstaða fundar:

Skipulags- og byggingarráð tekur jákvætt í fyrirspurnina og  
heimilar umsækjanda að vinna tillögu að deiliskipulagi í  
samræmi við tillöguna og í samráði við skipulags- og  
byggingarsvið..

#### Fylgiskjöl:

- Fyrirspurn

Fylgiskjal nr. 6



<p><b>Reaktionen mit H<sub>2</sub>O</b></p> <p>Wasser ist ein starkes Säure-Base-Paar.</p> <p>Wasser reagiert mit einem sauren Reagenz:</p> $\text{H}_2\text{O} + \text{HCl} \rightarrow \text{H}_3\text{O}^+ + \text{Cl}^-$ <p>Wasser reagiert mit einem basischen Reagenz:</p> $\text{H}_2\text{O} + \text{NaOH} \rightarrow \text{Na}^+ + \text{H}_2\text{O}^- + \text{H}_2\text{O}$
<p><b>Wasserstoffatome</b></p> <p>Wasserstoffatome sind sehr reaktiv.</p> <p>Wasserstoffatome reagieren mit einem basischen Reagenz:</p> $\text{H} + \text{NaOH} \rightarrow \text{Na}^+ + \text{H}_2\text{O}^- + \text{H}$
<p><b>Wasserstoffionen</b></p> <p>Wasserstoffionen sind sehr reaktiv.</p> <p>Wasserstoffionen reagieren mit einem sauren Reagenz:</p> $\text{H}_3\text{O}^+ + \text{HCl} \rightarrow \text{H}_2\text{O} + \text{H}_2\text{O}^- + \text{Cl}^-$
<p><b>Wasserstoffradikale</b></p> <p>Wasserstoffradikale sind sehr reaktiv.</p> <p>Wasserstoffradikale reagieren mit einem basischen Reagenz:</p> $\text{H}\cdot + \text{NaOH} \rightarrow \text{Na}^+ + \text{H}_2\text{O}^- + \text{H}\cdot$
<p><b>Wasserstoffmoleküle</b></p> <p>Wasserstoffmoleküle sind sehr reaktiv.</p> <p>Wasserstoffmoleküle reagieren mit einem sauren Reagenz:</p> $\text{H}_2 + \text{HCl} \rightarrow \text{H}_3 + \text{Cl}^-$

The figure shows a detailed architectural floor plan of a house. The plan includes various rooms labeled: Living Room, Dining Room, Kitchen, Laundry, Store, and a large rear extension. A central staircase leads to an upper level. Dimension lines indicate the width of the main sections and the overall depth. A scale bar at the bottom left indicates 1:200.



## Deiliskipulagsbreytingar / Miðbær

5. jún. 2013

### Auglýsing um skipulag í Hafnarfjarðarkaupstað

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 2000 vegna lóða nr. 22 og 22b við Austurgötu og nr. 19 við Strandgötu.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 28. maí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu í samræmi við 43. grein skipulagslagar nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lóðir nr. 22 og 22b við Austurgötu eru sameinaðar í eina lóð þar sem heimilað yrði að byggja tveggja hæða sex íbúða hús með kjallari og risi. Kvöð verður á lóðinn um gönguleið að opnu svæði sunnan við lóðina.

Á lóð nr. 19 við Strandgötu verður viðbygging á baklóð rífin og í hennar stað reist fjögurra íbúða hús.

(PDF skjal) **Austurgata - Strandgata** ([/media/auglysingar/Austurg.\\_Strandg..pdf](/media/auglysingar/Austurg._Strandg..pdf) - [/media/auglysingar/Austurg.\\_Strandg..pdf](/media/auglysingar/Austurg._Strandg..pdf))

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 1981 (reitur 15) vegna lóða nr. 41 og 41a við Hverfisgötu.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 28. maí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu í samræmi við 43. grein skipulagslagar nr. 123/2010.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 41 við Hverfisgötu er stækkaður og heimilt að reisa þar einnar hæðar viðbyggingu og á lóð nr 41a yrði heimil að hækka viðbyggingu í norðaustur horni um eina hæð.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2, frá 6. júní til 19. júlí 2013.


(PDF skjal) **Hverfisgata** (</media/auglysingar/Hverfisg.-41.pdf> - </media/auglysingar/Hverfisg.-41.pdf>)


Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 19. júlí 2013. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar**

Fylgiskjal nr. 7





## Fylgiskjal nr. 8

### Hverfisgata 23, Hafnarfirði

Síðarðartölur nærliggjandi húsa og löða.

Húseign	Bríttóflöður húss	Léðarstærð	Nýtingarhlutfall	Mænisháð	Mænish. frá góðu	Stækkun
Hverfisgata 16	166,5 m <sup>2</sup>	117,0 m <sup>2</sup>	N = 1,42	9,0 m	8,7 m	
Hverfisgata 17	213,9 m <sup>2</sup>	325,0 m <sup>2</sup>	N = 0,63	9,0 m	8,3 m	110,00%
Hverfisgata 19	167,3 m <sup>2</sup>	426,8 m <sup>2</sup>	N = 0,39	7,0 m	7,0 m	51,80%
Hverfisgata 20	204,1 m <sup>2</sup>	164,0 m <sup>2</sup>	N = 1,24	9,2 m	8,2 m	
Hverfisgata 21b	157,8 m <sup>2</sup>	514,1 m <sup>2</sup>	N = 0,31	9,4 m	8,7 m	
Hverfisgata 23b	278,4 m <sup>2</sup>	346,0 m <sup>2</sup>	N = 0,80	8,9 m	8,6 m	39,20%
Hverfisgata 25	191,6 m <sup>2</sup>	204,0 m <sup>2</sup>	N = 0,94	8,3 m	8,7 m	
Smyriahraun 1	275,5 m <sup>2</sup>	329,0 m <sup>2</sup>	N = 0,83	8,5 m	8,5 m	63,40%
Hverfisgata 23 fyrirhugud síðakkun	211,0 m <sup>2</sup>	274,0 m <sup>2</sup>	N = 0,77	8,9 m	8,6 m	40,00%
<b>Meðaltal</b>	<b>207,3 m<sup>2</sup></b>	<b>301,1 m<sup>2</sup></b>	<b>N = 0,81</b>	<b>8,7 m</b>	<b>8,4 m</b>	

## Fylgiskjal nr. 9



Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

# AFRIT

Reykjavík, 29. apríl 2013  
Tilvísun: 3395

Páll V. Bjarnason  
Park teiknistofa ehf.  
Kjörgarði, Laugavegi 59  
101 Reykjavík

Erindi: Hverfisgata 23, Hafnarfjörði, viðbygging og hækjun paks.

Í tölvupósti 29. apríl 2013 leitar Páll V. Bjarnason álits Minjastofnunar Íslands vegna breytingar á þaki og viðbyggingar við húsið nr. 23 við Hverfisgötu, Hafnarfjörði.

Hverfisgata 23 er bárujárnsklætt timburhús, hæð og portbyggt ris ofan á steinkjallara. Sk. Fasteignaskrá er það byggd árið 1920. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rifa.

Breytingin felst í því að hekka portveggi risheðar um 91 cm, bæta við kvistum á fram- og bakhlíðar hússins og gera viðbyggingu við bakhlíð þess og norðurausturgapl. Viðbyggingin kemur að hluta til í stað númerandi forstofuviðbyggingar með skúrbaki, sem verður rifin.

Þær breytingar sem sótt er um virða stærðarhlutföll hússins og útfærsla þeirra er í góðu samræmi við upprunalegan byggingarstíl þess.

*EKKI ER GERÐ ATHUGASEMD VIÐ ERINDIÐ.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson  
arkitekt

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	7.5.2013
Málsnr:	130 4300
Bréfal:	521.1

Afrít:  
Byggðasafn Hafnarfjarðar  
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar